

Ár 2013, fimmtudaginn 20. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson aldursforseti setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar var lögð fram dagskrárbreytingartillaga þannig að við dagskrá bætist liður „1. Kjör formanns, varaformanns og ritara bæjarráðs“. Aðrir liðir breytist í samræmi. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Kjör formanns, varaformanns og ritara bæjarráðs

Stungið var upp á Guðmundi Þór Guðjónssyni sem formanni bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Stungið var upp á Unni Þormóðsdóttur sem varaformanni bæjarráðs

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Stungið var upp á Jóhönnu Ýr Jóhannsdóttur sem ritara bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Guðmundur Þór Guðjónsson formaður bæjarráðs tók við fundarstjórn.

2. Bréf sem borist hafa frá:

2.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 7. júní 2013.

Í bréfinu er kynnt úthlutun úr Námsgangasjóði til grunnskóla. Grunnskólinn í Hveragerði fékk kr. 291.276.- úthlutað.

Lagt fram til kynningar.

2.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 6. júní 2013.

Í bréfinu er kynnt fyrirhuguð námsferð SSSFS til Skotlands 3.-5. september nk.

Samþykkt að skrifstofustjóri taki þátt í ferðinni

2.3. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 11. júní 2013.

Í bréfinu er kynnt úthlutun styrkja til atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurlandi.

Lagt fram til kynningar.

2.4. Tónlistarskólanum á Akureyri frá 4. júní 2013.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær taki þátt í kostnaði vegna

nemanda í söngnámi á grunnstigi sem á lögheimili í Hveragerði.

Bæjarráð samþykkir erindið enda verði um framlag að ræða á móti kostnaði frá Jöfnunarsjóði í samræmi við 3. málsgrein 1. greinar reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar aðstöðumunar nemenda frá árinu 2011.

2.5. Tónsmiðju Suðurlands frá 6. júní 2013.

Í bréfinu óskar Tónsmiðjan eftir samstarfi við Hveragerðisbæ vegna tónlistarkennslu nemenda með lögheimili í Hveragerði.

Hveragerðisbær rekur Tónlistarskóla Árnassýslu í samvinnu við önnur sveitarfélög í sýslunni þar sem fjölbreyttri tónlistarfræðslu er sinnt. Erindi hafa áður borist þar sem óskir hafa verið settar fram um þátttöku sveitarfélagsins í Tónsmiðju Suðurlands. Þeim hefur verið hafnað með vísan í það að sveitarfélagið rekur nú þegar tónlistarskóla. Engar forsendur hafa breyst vegna þessa og því sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2.6. Styrktarsjóði EBÍ frá 11. júní 2013.

Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag við úthlutun styrkja úr styrktarsjóði EBÍ árið 2013.

Lagt fram til kynningar.

2.7. Hagsmunasamtökum Heimilanna frá 18. júní 2013.

Í bréfinu sem er opið bréf til sveitarstjórna á landsvísu er rætt um stöðvun á nauðungarsölum án dómsúrskurðar.

Lagt fram til kynningar.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 18. júní 2013.

Í minnisblaðinu er rætt um formsatriði vegna staðfestingar bæjarstjórnar á yfirdráttarheimild hjá Arionbanka.

Bæjarráð samþykkir að framlengja yfirdráttarheimild allt að 55 milljónir á bankareikning 0314-26-1716 sem er í fullu samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár.

3.2. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun v/ leikskólans Óskalands frá 7. júní 2013.

Forstöðumaður leikskólans Óskalands fer fram á 1.440.000 kr aukna fjárveitingu á lið 04-12- 1110 vegna veikinda starfsfólks.

Bæjarráð samþykkir viðaukann sem færast af lið 21-01-9980.

4. Starfsmanna málefni:

4.1. Bréf frá Höllu Dröfn Jónsdóttur, ráðgjafa í félagsmálum frá 18. júní 2013.

Í bréfinu óskar Halla Dröfn Jónsdóttir eftir að fá launalaust námsleyfi frá 20. ágúst 2013 til 10. maí 2015 vegna meistaranáms í félagsráðgjöf.

Bæjarráð samþykkir erindið enda er starfsmaðurinn að afla sér nauðsynlegra réttinda fyrir viðkomandi starf.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Samband íslenskra sveitarfélaga frá 31. maí 2013.

6. Framtíðarsýn og möguleikar, umræður.

Á fundinn mætti Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands. Rætt um framtíðarsýn og möguleika í Hveragerði. Samþykkt að halda umræðum áfram á næstu fundum bæjarráðs.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9:40

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)